



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**574. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 4. mars 2024  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010**

Framhald umræðu um stöðu viðræðna og næstu skref.

**Gestir**

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissvið Kópavogsbæjar

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Dagur B. Eggertsson

**Niðurstaða:**

*Umræður*

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps tekur sæti á fundinum.

**2. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2024 - 2401008**

Fyrirliggjandi er minnisblað umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um framlag til landshlutasamtaka, að hámarki að fjárhæð 12,5 milljónir kr. vegna umhverfistengdra verkefna sem tengjast sóknaráætlun og yfirlýstum markmiðum stjórnvalda. Verkefnin geta verið á sviði hringrásarhagkerfis, orku- eða loftslagsmála og skuli þau útfærð í samráði við sérfræðinga ráðuneytisins.

**Gestir**

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að móta tillögur að verkefnum og leggja fyrir næsta fund stjórnar.*

**3. HAF - Opnun Bláfjallavegar - 2206010**



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreint var tekið fyrir á 544. fundi þar sem tölvupóstur Önnu Maríu Elíasdóttur skrifstofustjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 15. júní 2022 vegna endurofnunar Bláfjallavegar var tekinn fyrir og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: "Framkvæmdastjóra falið að fara yfir málið með það að markmiði að endurmat á lokun Bláfjallavegar fari fram." Í kjölfarið sendu SSH bréf til Vegagerðarinnar þar sem óskað var eftir samstarfi vegna ofangreinds. Í frahaldinu funduðu SSH og Vegagerðin um málið og var það einnig tekið fyrir af Samráðshóp um vatnsvernd og nýtingu. Fyrirliggjandi er tölvupóstur verkefnastjóra Vegagerðarinnar til svæðisskipulagsstjóra dags. 5. febrúar 2024 þar sem tilkynnt er um að frumdragavinnu vegna endurbóta og breytinga á Bláfjallavegi sé lokið og liggur kynning frumdraganna fyrir fundinum.

### **Gestir**

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

#### **Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

#### **4. Tilnefning fulltrúa í minjaráð Reykjaness - 2401013**

Framhald umræðu frá 573. fundi. Óskað er eftir því að SSH og Samband seitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) tilnefni sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara í minjaráð Reykjaness, en gert er í fyrir því að landshlutasamtök innan sama minjasvæðis sammælist um tilnefningu.

SSS hafa lagt til að núverandi ráðsmenn verði tilnefndir áfram af hálfu sveitarfélaganna en þeir eru Daníel Einarsson, verkefnastjóri Reykjaness jarðvangs sem aðalmaður og til vara Guðlaug María Lewis, menningarfulltrúi Reykjanessbæjar. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar á einnig sæti í ráðinu sem aðalmaður og Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðarbæjar til vara, en þeir eru tilnefndir af Minjastofnun.

#### **Niðurstaða:**

*Samþykkt að núverandi ráðsmenn verði tilnefndir áfram af hálfu sveitarfélaganna þ.e. Daníel Einarsson, verkefnastjóri Reykjaness jarðvangs sem aðalmaður og Guðlaug María Lewis, menningarfulltrúi Reykjanessbæjar sem varamaður og er framkvæmdastjóra falið að vinna að sameiginlegri tilnefningu þar að lútandi með SSS.*

#### **5. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 7. febrúar 2024 auk tæknilegs og fjárhagslegs skilamats vegna nýrra lyfta og snjóframleiðslu í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóri kynnir.

#### **Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

#### **6. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 421. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 21. febrúar 2024 ásamt fylgigögnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**7. Borgarstefna - 2011001**

Fyrirliggjandi drög að borgarstefnu fyrir Ísland hafa verið birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Frestur til að skila umsögn er til og með 22. mars nk.

**Niðurstaða:**

*Framkvæmdastjóra er falið að gera drög að umsögn og senda stjórn til athugasemda.*

**8. Umsagnir þingmála - 1910005**

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um frumvarpsdrög til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.) en efnislega er um að ræða ítrekun á áskorun sem send var umhverfisráðherra hinn 22. ágúst 2023.

**Niðurstaða:**

*Staðfest.*

**9. Veganesti - Samtök smáframleiðenda og Beint frá býli - 2402006**

Samtök smáframleiðenda og Beint frá býli óskuðu þess að landshlutasamtök sveitarfélaga væru samstarfsaðilar í umsókn þeirra í Matvælasjóð um styrk til að halda námskeið fyrir smáframleiðendur, eins konar framhald af Matsjóni 2022 sem SSH styrktu. Ekki er um að ræða beinan fjárhagslegan stuðning heldur samstarf í formi vinnu og ráðgjafar og liggur fyrir samstarfsyfirlýsing þess efnis.

**Niðurstaða:**

*Staðfest.*

**10. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 124. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 9. febrúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**11. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 94. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 5. febrúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**12. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

dags. 10. janúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**13. Önnur mál - 2110011**

Lagt er til að haldinn verði örfundur föstudaginn 8. mars þar sem fram fari kynning á "Mannlíf, byggð og bæjarrými - leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur" og áhersluverkefni sóknaráætlunar um útivistarsvæði - niðurstöður könnunar. Samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 er nú til meðferðar Alþingis. SSH fengu hana ekki senda sérstaklega til umsagnar en í umfjöllun um kostnaðarmat segir í greinargerð: "Efni þingsályktunartillögunnar hefur verið kynnt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og töldu fulltrúar ekki að það myndi hafa neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Hins vegar var bent á að í tillögunni felast margar aðgerðir sem fela í sér mótun tillagna eða þróun þjónustu sem getur haft í för með sér aukna þjónustu og þar með kostnaðarauka. Lögðu fulltrúar sveitarfélaga því áherslu á að þær tillögur sem lagðar verða fram í kjölfar kortlagningar á grundvelli aðgerða verði kostnaðarmetnar."

Í umsögn Sambandsins er lögð rík áhersla á að það fyrirheit sem gefið er um kostnaðarmat aðgerða gangi eftir. SSH taki undir umsögn Sambandsins að þessu leyti og er skrifstofu SSH falið að senda umsögn þar að lútandi.

Skrifað er undir tilkynningu um breytingu á stjórn til fyrirtækjaskrár Skattsins, vegna breytinga á stjórn sem urðu við borgarstjórnarskipti í janúar sl.

**Niðurstaða:**

*Afgreitt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:40.**